

Reykjanesbær 20.maí 2011

Skýrsla FFGÍR skólaárið 2010-2011 vegna úthlutunar úr Manngildissjóði 2010

FFGÍR er vettvangur þar sem foreldrafélögin setja fram stefnumið sín og vinna saman að ýmsum málum. FFGÍR er málsvari foreldra grunnskólabarna í bæjarfélaginu og gefur umsagnir um ýmis málefni sem þá varðar. Öll verkefni FFGÍR eru forvarnarverkefni. Markmið FFGÍR eru að efla samstarf foreldra, efla samstarf heimilis og skóla og vera málsvari foreldra.

Við hjá FFGÍR höfum unnið að mörgum verkefnum skólaárið 2010-2011. Verkefnastjóri FFGÍR þetta starfsár var Ingigerður Sæmundsdóttir. FFGÍR fundaði reglulega og lét sig ýmis mál varða er tengjast samstarfi heimili og skóla og grunnskólastarfi almennt. Foreldrafélögin voru virk í flestum skólum. Það þarf að bæta samstarf við foreldra í Háaleitisskóla og er það markmið næsta starfsárs að fá fulltrúa þaðan á stjórnarfundum FFGÍR.

Ágúst 2010 - Skóladagatöl á ensku og pólsku

Verkefnastjóri FFGÍR útbjó skóladagatöl fyrir alla grunnskólana í Reykjanesbæ á ensku og pólsku og sendi hverjum ritara og stjórnanda eintak. Dagatölin voru til þess að erlendir foreldrar hefðu grunnupplýsingar á sínu tungumáli.

Ljósanótt 2010

FFGÍR aðstoðaði félagsþjónustu Reykjanesbæjar og lögreglu við athvarf á ljósanótt og stóðu foreldrar vaktir bæði kvöldin.

September 2010 - Haltu í höndina á mér !

Verkefnastjóri flutti erindið **Haltu í höndina á mér !** í þremur grunnskólum í Reykjanesbæ: Háaleitisskóla, Njarðvíkurskóla og Akurskóla. Erindið verður í boði haustið 2011 fyrir Holtaskóla, Myllubakkaskóla og Heiðarskóla ef stjórnendur óska þess.

6. september 2010 - Aðalfundur FFGÍR

Aðalfundur FFGÍR var haldinn í Akurskóla 6.september 2010. Á fundinum var lögð fram skýrsla verkefnastjóra, ársreikningur FFGÍR og önnur mál. Laun verkefnastjóra lækka starfsárið 2010-2011 vegna minna framlags úr Manngildissjóði þetta starfsár. Verkefnastjóri verður Ingigerður Sæmundsdóttir, grunnskólakennari og foreldri úr FFN (Foreldrafélag Njarðvíkurskóla).

6.september 2010 - Samráðsfundur í Akurskóla

Á samráðsfundi foreldrafélaganna voru línur lagðar fyrir veturinn. Þar var m.a. ákveðið að halda málþing fyrir foreldra og kennara til að bæta námsárangur í Reykjanesbæ.

28. september - Eineltisátak á landsvísu

Fundur um einelti var þann 28.september kl. 20 í bíósal Duus. FFGÍR á fulltrúa í landssamtökum Heimilis og skóla en þau héldu opin fund um einelti þetta kvöld. FFGÍR kom að kynningu og

hvatningu til foreldra að mæta á fundinn. Verkefnastjóri FFGÍR tók að sér fundarritun á fundinum en forfallaðist á síðustu stundu vegna andláts ástvinar.

13.október - Málþing í samstarfi við fræðslustjóra og yfirsálfræðing Reykjanesbæjar

Það mættu vel á annað hundrað manns á málþingið. Fulltrúar frá skólunum fluttu erindi og málþingið var haldið á sal í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Á fundinum komu fram ýmsar góðar ábendingar til foreldra og kennara um hvað skólasamfélagið getur gert til að stuðla að bættum námsárangri. Mikil áhersla og vitundarvakning var meðal foreldra um hvað þeir geta haft mikil áhrif á árangur barna sinna í námi. Gylfi Jón Gylfason flutti erindi um heimanám og var FFGÍR mikill stuðningur á þessum fundi. Gylfi Jón, yfirsálfræðingur, Eðvarð Þór Eðvarðsson, aðstoðar skólastjóri og Eiríkur Hermannsson, fræðslustjóri, funduðu með stjórnarmönnum FFGÍR og skipulögðu málþingið í samráði við FFGÍR. Þeirra stuðningur var mikilvægur fyrir fundinn.

15.október - Fulltrúaráðsfundur Landssamtaka Heimilis og skóla

Verkefnastjóri sótti fund fulltrúaráðs Heimilis og skóla sem haldin var í Mosfellsbæ. Verkefnastjóri flutti erindi á fundinum og fjallaði um áherslur, afrek og drauma FFGÍR og lýsti góðu samstarfi foreldrafélaga við skólaritara, fagfólk og fleiri og sagði frá ýmsum atburðum sem FFGÍR hefur staðið að eins og t.d. skólaþingi, fræðslu og ýmsum málþingum. Handækur foreldrafélaganna voru einnig kynntar á fundinum og sagt frá hvað þær innihéldu.

21. október - Endurskinsvesti, FFGÍR, Spkef og lögreglan

FFGÍR og fulltrúi lögreglunnar, Kristján Freyr Geirsson, gáfu öllum börnum í 1.bekk endurskinsvesti til eigna. Verkefnið var styrkt af SPKEF og var liður í umferðaráttaki til að gera börnin sýnilegri í umferðinni í svartasta skammdeginu. Kennarar fögnuðu áttakinu og í sumum skólum eru börnin klædd í vestin þegar þau fara á vettvang.

15. nóvember - Nanna Kristín – SKÓLAFORELDRAR

Nanna Kristín Christiansen kom á vegum FFGÍR í Reykjanesbæ til að halda erindi um Skóla og skólaforeldra. Í erindinu var fjallað um hvernig góðir skólaforeldrar ættu að vera til að börnum þeirra farnist sem best? Rannsóknir sýna að áhrif skólaforeldra á námsárangur og líðan barna þeirra í skólanum eru enn meiri en almennt var álitid. Nanna Kristín er höfundur bókarinnar Skóli og skólaforeldrar - ný sýn á samstarfið um nemandann. Bókin hefur fengið góða dóma bæði frá fagfólki og skólaforeldrum.

15. febrúar Kirkjulundur - Vitund og vakning meðal foreldra!

FFGÍR hélt námskeið fyrir skólaforeldra í Reykjanesbæ undir yfirskriftinni VITUND OG VAKNING MEÐAL FORELDRA. Á námskeiðinu fjallaði Helga Margrét Guðmundsdóttir um lýðræðislega aðkomu foreldra að skólastarfinu og hvernig foreldrar geta haft áhrif á nám og líðan barna sinna. Helga Margrét er sjálfstætt starfandi ráðgjafi. Hún starfaði hjá landssamtökum Heimilis og Skóla í mörg ár og hefur látið sig varða uppeldis- og menntunarskilyrði barna. Námskeiðið var einstaklega vel heppnað og verður líklega árlegur viðburður hér eftir.

17. mars Velferðarvaktin boðaði til fundar

FFGÍR fékk góð viðbrögð við könnun sem fór á facebook og í tölvupósti til foreldrafélaganna í Reykjanesbæ. Niðurstaða könnunarinnar er tæki FFGÍR til að styðjast við. Verkefnastjóri FFGÍR hitti samstarfshóp velferðarvaktar Suðurnesja 17. mars og átti gott spjall við hópinn, verkefnastjóra hópsins Lovísu Lillendahl og Ingibjörgu Broddadóttur frá velferðarráðuneytinu.

11.maí - FFGÍR og Lundur boðuðu til fundar

Lundur forvarnarfélag gaf út bækling nýverið er ber heitið VEISTU HVAÐ BARNIÐ ÞITT ER AÐ GERA. Bæklingurinn var borin út í öll hús á Suðurnesjum í mars sl. Í tilefni af útkomu bæklingins boðuðu FFGÍR og Lundur til fundar og sendu foreldrum bréf og fréttatilkynningu á vef Víkurfretta. Fundurinn var haldinn í fyrirlestarsal Fjölbrautaskóla Suðurnesja miðvikudaginn 11. maí kl. 20. Erlingur fræddi foreldra um bæklinginn og síðan sagði móðir frá reynslu sinni og barna sinna og hvað Lundur hefur gert margt gott fyrir foreldra sem eiga börn í neyslu.

Fleiri verkefni – allt starfsárið

FFGÍR á fulltrúa í **Samtakahópnum** sem er þverfaglegur hópur sem vinnur að forvarnamálum í Reykjanesbæ.

FFGÍR á áheyrnafulltrúa í **fræðsluráði Reykjanesbæjar**.

Á starfsárinu voru haldnir 7 stjórnarfundir, símatími var alla virka daga frá kl.16-17. Verkefnastjóri sinnti einnig fyrirspurnum frá foreldrum sem bárust í tölvupósti. FFGÍR hefur reynt að vera sýnilegt í skólaumræðunni og stofnaði grúbbu á facebook samskiptavefnum.

Útgjöld september 2010 – maí 2011

Verkefnastjórn 700.000 kr.

Endurskinsvesti 200.000 kr.

Dacoda og lén 54.454 kr.

Auglýsingar vf.is 6.525 kr.

Fræðslufundir og málþing

Fyrirlesarar 65.000 kr.

Veitingar á fræðslufundum 17.218 kr.

Samtals útgjöld 2010-2011 1.043.197 kr.

Ingigerður Sæmundsdóttir, verkefnastjóri FFGÍR fyrir hönd stjórnar FFGÍR